

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um starfsemi héraðsdómstóla.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

1. Hver var fjöldi starfsmanna hvers héraðsdómstóls á árunum 1998–2002, sundurliðað eftir árum:
  - a. héraðsdómara,
  - b. aðstoðarmanna dómara,
  - c. annarra starfsmanna?
2. Hver var fjöldi dómsmála fyrir hverjum héraðsdómstóli á árunum 1998–2002, sundurliðað eftir árum:
  - a. einkamála,
  - b. opinberra mála,
  - c. annarra mála?
3. Hver var fjöldi munnlega fluttra mála fyrir hverjum héraðsdómstóli á árunum 1998–2002, sundurliðað eftir árum:
  - a. einkamála,
  - b. sakamála,
  - c. annarra mála?
4. Hversu lengi tók að meðaltali að dæma eða úrskurða í munnlega fluttum málum fyrir hverjum héraðsdómstóli á árunum 1998–2002, sundurliðað eftir árum:
  - a. einkamálum,
  - b. sakamálum,
  - c. öðrum málum?
5. Hversu mikið fé var veitt til reksturs hvers héraðsdómstóls á föstu verðlagi á árunum 1998–2002?

**Skriflegt svar óskast.**